



Frá skóladjákna

Pví að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla, hann skal nefndur: Undráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi.

Jesaja 9:5

Kæru vinir.

Nú þegar aðventan gengur í garð horfum við sem stöndum að starfi skólahreyfingarinnar með þakklæti til síðasta árs. Mikið hefur gerst, margir fundir og mörg mót hafa átt sér stað. Kraftur og gleði allra sjálfboðaliða og þátttakenda í starfi KSH, KSF og KSS verður seint fullþakkað. Það mikilvæga verkefni sem skólahreyfingin hefur með höndum, að breiða út boðskap kristinnar trúar og kærleika þarfnast líka sameiginlegs átaks.

Nú verðum við sem aldrei fyrr að standa saman að því að leita allra leiða til þess að ná til ungs fólks með þann boðskap sem við sjálf höfum tekið afstöðu til að eigi fullt erindi inn í nútímasamfélag. Ungt fólk sem hefur ákveðið að fylgja köllun sinni og iðka trú sína þarf á stuðningi að halda í kjarngóðu og umvefjandi samfélagi. Einnig er mikilvægt að öflugt starf sé í boði

fyrir þau ungmenni sem vilja fá að fræðast um kristna trú.

Boðskapur hinna fyrstu jóla er það sem við viljum halda á lofti og stöðugt minna á. Við viljum vera öflugir boðberar fagnaðarerindisins í öllu lífi okkar og starfi. Jólin minna okkur á komu frelsarans en þau minna okkur líka á hlutverk okkar að boða út fagnaðarerindið. Við sendum ykkur okkar bestu aðventu- og jólakveðjur og þökkum fyrir allan stuðning hvort sem hann hefur verið í formi sjálfboðastarfa, bæna eða fjárframlaga. Við viljum jafnframt leyfa okkur að benda á að allur fjárstuðningur sem kemur inn með gjafakerfinu er vel þeginn og kemur sér vel í starfi okkar að sinna hinu mikilvæga boðunarhlutverki skólahreyfingarinnar í íslensku samfélagi.

*Aðventukveðja,
Magnea Sverrisdóttir,
skóladjákni.*

Fréttir af starfi KSF

Starf KSF hefur farið vel af stað í haust og hafa að jafnaði um 15 til 18 manns mætt á fundi. Félagið hefur smám saman risið upp úr lægð sem var viðvarandi í starfsemi þess um tíma. Hafa stjórnarmeðlimir síðustu ára leitað nýrra og frumlegra leiða til að glæða starfið lífi og virðist það hafa gefið góða raun. KSF heldur vikulega fundi í Dómkirkjunni kl. 20.30. Íþróttastarf félagsins fer fram í íþróttahúsi Verslunarskóla Íslands á þriðjudagskvöldum og eru tímarnir opnum öllum á aldrinum 20 til 30 ára. Íþróttirnar eru fjölbreyttar og hefur meðal annars verið boðið upp á körfubolta, bandý og fótbolta. Íþróttastarfið hefur reynst góður vettvangur til að bjóða vinum sem ekki þekkja starf KSF. Stjórn KSF stóð fyrir Eþíópíukvöldi í byrjun október þar sem félagsmenn hittust í heimahúsi og borðuðu saman eþíópískan mat. Þótti kvöldið takast einstaklega vel og mættu um þrjátíu manns. Erlendir nemar við Háskóla Íslands hafa tekið þátt í starfi félagsins undanfarin ár og er það fagnaðarefni. Frekari upplýsingar um félagið er að finna á vefsíðunni www.ksf.is. Þá geta áhugasamir einnig fylgst með starfsemi KSF á facebook.

Fréttir af starfi KSS

Starf Kristilegra skólasamtaka hefur verið afar líflegt í haust og fór vetrarstarf félagsins vel af stað. KSS heldur vikulega fundi í félagsheimili KFUM og KFUK á Íslandi á Holtavegi 28 kl. 20.30. Meðalmæting á fundi það sem af



er hausti hefur verið 57 manns og eru það heldur fleiri en sóttu fundina í fyrra. Félagið var kynnt fyrir þátttakendum í unglingaflokki í Vatnaskógi í sumar og hafa margir þeirra tekið þátt í starfsemi KSS í haust. Þá tók félagið einnig þátt í dagskrá Menningarnætur þann 24. ágúst síðastliðinn með opnum KSS fundi í hátíðarsal Menntaskólans í Reykjavík. KSS-ingum barst liðsauki frá eldri kynslóðinni við skipulagningu fundarins og þótti hann takast vel til. Húsfyllir var á fundinum og mættu um 110 gestir. Síðar um haustið voru haldnir tveir kynningarfundir. Seinni fundurinn tókst sérstaklega vel til og mættu 100 unglingar það kvöld. Stjórn KSS fagnar góðri mætingu í haust og þakkar Guði fyrir það. Nýlega var haldinn „Galafundur“ þar sem félagsmenn mættu í sínu finasta þussi og ríkti mikil gleði eftir fundinn þar sem ungmennin dönsuðu saman við líflega tónlist. Ljóst er að

félagið mun iða af lífi næstu vikur og mánuði en framundan eru meðal annars jólatónleikar, nýársfagnaður, nýársnámskeið, árshátíð og vorskólámót. Bænastundir KSS eru á sínum stað á þriðjudagskvöldum kl. 20.15. Í haust hafa þær yfirleitt farið fram í heimahúsum og hafa stjórnarmeðlimir skipst á að bjóða KSS-ingum heim. Að jafnaði mæta um sex manns. Eftir bænastund hafa unglingarnir yfirleitt horft á Disney-mynd. Laura Scheving Thorsteinsson og Magnús Pálsson, meðlimir í öldungahópi félagsins, halda utan um biblíuleshópinn og halda utan um biblíuleshópinn og annan hvern fimmtudag kl. 20.30. Nýr eldri fulltrúi KSS er Sólveig Reynisdóttir og tók hún við af Jóhönnu Sesselju Erludóttur. Frekari upplýsingar um starfið er að finna á vefsíðunni www.kss.is. Þá geta áhugasamir einnig fylgst með starfsemi KSS á facebook.

Aðventukaffi KSF

KSF mun standa fyrir aðventukaffi sunnudaginn 15. desember næstkomandi í sal SÍK, Háaleitisbraut 58 – 60, Reykjavík, kl. 14 – 17. Allir eru hjartanlega velkomnir og kostar 1.000 kr. inn fyrir fullorðna, 500 kr. fyrir 6-12 ára og frítt er fyrir 5 ára og yngri. Fyrir þessa upphæð er hægt að snæða kökur og kræsingar sem í boði verða. Einnig verður hægt að taka þátt í happdrætti þar sem

vinningarnir verða ekki af verri endanum. Auk þess verður hægt að kaupa sælgæti til að eiga yfir jólahátíðina. Kaffisalan er nú orðin að föstum lið hjá félaginu á aðventunni. Hafa margir nýtt tækifærið til að njóta góðra veitinga og hlusta á jólatónlist. Þá er atburðurinn einnig mikilvæg fjáröflun fyrir starfsemi félagsins, en allur ágóði af aðventukaffinu mun renna til starfs KSF.

Skólámót KSS í Vatnaskógi

Á hverju hausti koma KSS-ingar saman á skólámóti yfir eina helgi og var það haldið helgina 4. - 6. október í í ár. Á mótum sem þessum gefst tækifæri til að kynna nýjum vinum og treysta vináttubönd. Ungmennin njóta fræðslu, fellegrar náttúru og frístunda. Að þessu sinni var þema mótsins „Lát engan líta smáum augum á æsku þína, 1. Tím 4:12.“ Hátt í sjötíu ungmenni á aldrinum 15 til 20 ára tóku þátt í mótinu og sneru þau heim á leið á sunnudeginum, ánægð með helgina. Ræðumenn mótsins voru þau Karl Jónas Gíslason, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Magnea Sverrisdóttir og Guðjón Andri Reynisson. Karl Jónas fjallaði um trúarlega fyrirmynd, Irma Sjöfn um sjálfsstyrkingu, Magnea um kærleika og



Guðjón Andri fjallaði um starf „Breytenda (Changemakers)“. Eftir fyrirlestranna hittust þátttakendurnir að venju í smáhópum með leiðurum, sjálfboðaliðum sem taka meðal annars þátt í fræðslu mótsins með því að stýra umræðum í hópnum. Í lok stundarinnar biður hópurinn saman. Um helgina var einnig boðið upp á ýmsa aðra dagskrárliði og má þar nefna samhringingu í forni útileikja, bænastund, brennómót, zumba, kvöldvökur, vitnisburðarstund og kapellustundir. Stjórn KSS skipulagði mótið og tókst þeim vel til. Fjölmargir komu að mótinu, til að mynda leiðarar og eldhússtarfsfólk og eru þeim færðar þakkir fyrir sitt ómetanlega framlag.

NOSA 2013

NOSA (Nordic Student Alliance) mót þessa árs var haldið 17. – 20. október í Ørestad í Kaupmannahöfn. Mótið fór allt fram undir þaki Ørestad Gymnasium sem er fallegur skóli og aðstaðan til fyrirmyndar. Þátttakendur voru um 110 talsins frá öllum Norðurlöndunum en íslenskir þátttakendur voru tólf.

Yfirskrift mótsins var „Living Bible.“ Markmiðið var að nota tímann saman til að hugleiða Guðs orð og tengjast því á nýjan hátt. Ræðumenn mótsins voru tveir, Andrew Page og Bodil Skjøtt. Andrew Page er frá Bretlandi og hefur notað stóran hluta lífs síns til að rannsaka Markúsarguðspjall. Hann uppgötvaði einstaka uppbyggingu þess þegar hann var kristniboði í Austurríki en um það hefur hann skrifað í bók sinni *The Mark Experiment*. Segir hann guðspjallið byggt upp á skipulegan og rökréttan hátt svo auðvelt sé að læra það utan að en þetta telur hann hafa verið tilgang höfundarins á ritunartímanum þegar guðspjallið barst meira og minna með munnmælum. Hvetur hann fólk til að feta í fótspor meðlima frumkirkjunnar og læra guðspjallið utan að. Sjálfur hafi hann uppgötvað Jesú á nýjan hátt við að gera það.

Út frá þessari uppgötvun hófst

Stúdentamót í Ölveri

KSF-ingar héldu upp í sumar-búðirnar Ölver í mars síðastliðnum, en þar fór stúdentamót félagsins fram. Yfirskrift mótsins var „Heimsendir, síðustu dagarnir“ og voru ræðumenn mótsins Guðlaugur Gunnarsson, Halldór Elías Guðmundsson og sr. Jón Ómar Gunnarsson. Auk hefðbundinna morgun- og kvöldstunda var boðið upp á ípróttir í ípróttahúsi Ölvers og voru spilin einnig í matsalnum vinsæl. Mótið gekk vel og var það félagsmönnum til uppörvunar og

verkefni hjá honum sem er kallað *The Mark Drama* (sem er nú starfrækt í um 17 löndum) en í því er Markúsarguðspjall í heild sinni sett á svið, allt í kringum áhorfendur. Mótsgestir fengu að sjá þessa sýningu með eigin augum en 14 þátttakendur höfðu undirbúið þetta og æft vikuna fyrir mótið. Á laugardagskvöldinu var þetta sýnt en einnig var búið að bjóða utanaðkomandi fólki að koma og sjá sýninguna. Sýningin var mögnuð og hafði djúp áhrif á áhorfendur.

Kennsla Andrews var góð og talaði hann út frá biblíutextum Markúsarguðspjalls. Myndaðir voru smáhópar þar sem textinn var lesinn, rætt var um hann og spurningum velt upp. Hópurinn bað síðan saman. Þá var kaffipása áður en Andrew kom og talaði. Eftir kennsluna var hægt að spyrja hann spurninga. Þetta fyrirkomulag var frábært og mjög lærdómsríkt. Þátttakendur voru sammála um að ef til vill væri sniðugt að taka sér svona fyrirkomulag til fyrirmyndar.

Á kvöldin voru samkomur þar sem við lofuðum Guð saman og Bodil Skjøtt talaði. Hún fór meðal annars með okkur í ferðalag gegnum alla helstu atburði Biblíunnar sem minnti okkur á að ritningin er ein heild sem þarf að lesa í samhengi.

gleði. Ákveðið var að halda ekki stúdentamót í haust en aftur á móti sótti stjórn KSF ásamt tveimur öðrum KSF-ingum NOSA í Kaupmannahöfn. Í blaðinu er að finna frásögn Hilmarssonar, en hann var einn þátttakandanna á mótinu. Næsta stúdentamót verður haldið í Ölveri helgina 24. – 26. janúar á nýju ári og eru félagsmenn hvattir til að taka helgina frá og njóta samfélags hverjir með öðrum.



Þær stundir voru góðar.

Tíminn í Kaupmannahöfn var frábær. Gott var að taka sér hlé frá náminu, kynnst norrænum systkinum okkar og dvelja í nærveru Guðs. Hápunkturinn var sýning Markúsarguðspjalls en það var mögnuð upplifun að sjá sögu Kristis verða lifandi allt í kringum mann. Það er mikil blessun að fara á mót sem þessi, hitta kristna stúdentana frá öðrum löndum og uppbyggjast í Kristi. Það er uppörvandi og hvetjandi fyrir okkar persónulega trúarlíf sem og samfélagið í Kristilegu skólahreyfingunni.

Hilmar Einarsson

NOSA á Íslandi haustið 2014

Næsta haust kemur það í hlut Kristilegu skólahreyfingarinnar á Íslandi að halda hið árlega NOSA mót kristilegu stúdentahreyfinganna á Norðurlöndunum. Skipulagshópur, skipaður KSF-ingum, vinnur nú að skipulagningu mótsins í samvinnu við fulltrúa hinna Norðurlandanna og Magneu Sverrisdóttur, skóladjákna. Mótið fer fram dagana 2. – 5. október 2014 og verður þema mótsins „Creation“. Gert er ráð fyrir að um 120 þátttakendur verði á mótinu frá Íslandi, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Kristilega skólahreyfingin þakkar fyrir þetta góða en jafnframt krefjandi tækifæri. Höfum skipulagningu mótsins í bænnum okkar og biðjum þess að mótið takist vel til.



Nýjar stjórnir félaganna og skóladjákni

Á aðalfundum KSS, KSF og KSH í vor voru kjörnar nýjar stjórnir fyrir starfsárið 2013-2014.

Í stjórn KSS voru kjörin þau Karítas Pálsdóttir, formaður, Jóhanna Elísa Skúladóttir, varaformaður, ritari og kynningarfulltrúi, Páll Ágúst Þórarinsson, gjaldkeri, Birkir Bjarnason, tónlistarfulltrúi og Hans Patrekur Hansson, samfélags- og kynningarfulltrúi.

Stjórn KSF skipa þau Gísli Guðlaugsson, formaður, Þórhildur Erla Pálsdóttir, ritari, Hildur Kjartansdóttir, gjaldkeri og Sesselja Kristinsdóttir, meðstjórnandi.

Stjórn KSH skipa þau Raket

Brynjólfsdóttir, formaður, Gísli Jónsson, gjaldkeri, Arnór Heiðarsson, ritari, Gísli Davíð Karlsson, meðstjórnandi, Lára Halla Sigurðardóttir, meðstjórnandi og varamennirnir Halla Jónsdóttir og Hilmar Einarsson. Þar að auki sitja formenn stjórnna KSS og KSF fundi stjórnar KSH. Magnea Sverrisdóttir, djákni, leysir sr. Jón Ómar Gunnarsson, skólalæsi, af starfsárið 2013 – 2014 á meðan hann er erlendis við nám.

Munum eftir stjórnarliðum KSS, KSF og KSH, skóladjákna og skólalæsi í bænum okkar.

Þorláksmessustund

Hin árlega Þorláksmessustund KSH verður haldin í Friðrikskapelli að Hlíðarenda þann 23. desember n.k. kl. 23.30. Stundin er fastur liður í jólahaldi margra og gefst þar tækifæri til að njóta kyrrðar og helgi jóla. Stundin stendur yfir í 30 mínútur og verður með hefðbundnum hætti. Léttar veitingar verða í boði eftir stundina. Allir velkomnir.



Munum eftir gjafakerfinu

Starf KSH byggir á framlagi sjálfboðaliða og góðvina, þið eruð bakland hreyfingarinnar. Við óskum því eftir þínum stuðningi nú sem fyrr. Viljir þú leggja starfi KSH lið þá getur þú gengið í gjafakerfi félagsins og gefið reglulega til starfsins. Í gegnum gjafakerfi KSH er hægt að gefa reglulega til starfsins í gegnum VISA og Euro og er

einnig hægt að fá greiðsluseðil sendan heim reglulega. Þá er einnig hægt að búa til reglulegar millifærslur á reikning KSH (sjá hér að neðan). Einnig er hægt að greiða til starfsins með því að greiða greiðsluseðilinn hér að neðan.

Ef þú vilt ganga í gjafakerfið þá getur þú haft samband við skóla-

djákna KSH, Magneu Sverrisdóttur í síma 588-8899 eða sent henni tölvupóst á magnea@ksh.is. Einnig er hægt að hafa samband við Gísla Jónsson, gjaldkera KSH, í síma 822-4025.

Kæru lesendur Tengils. Takk fyrir stuðninginn og Guð blessi ykkur!



Kristilega skólahreyfingin - KSH

Kt. 510479-0259 - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 8899 - www.ksh.is

Greiðandi:

Kt.

Upphæð:

Lagt inn á reikning 0117-26-119105